



Hverfisgata 16 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Lögð fram fyrirspurn Húsfélagsins Hverfisgötu 16, dags. 16. janúar 2024, um að nýta hluta garðs sem bílastæði á lóð nr. 16 við Hverfisgötu.



Lofmynd af Hverfisgötu 16



Götumynd Hverfisgötu 16

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin miðborg.

Deiliskipulag/ HverfisSKIPULAG: Í gildi er deiliskipulag Laugavegs og Skólavörðustígsreits 1.171.0 samþykkt í borgarráði 11 febrúar 2003.

Umsögn

Samkvæmt gildandi deiliskipulagi er ekki heimilað að hafa bílastæði á lóðinni númer 16 við Hverfisgötu. Engin stæði eru sýnd innan lóðar á samþykktu mæliblaði, eða aðaluppdráttum. Fyrirspurnin samræmist ekki gildandi deiliskipulagi.

Innkeyrsla og bílastæði inn á lóð koma til með að raska göngu og hjólastíg við Hverfisgötu. Ekki er mælt með því að bílar keyri yfir gang og hjólastíg með þeim hætti sem óskað er eftir, það fyrirkomulag er vont í þéttbyggðu miðborgarhverfi. Fjöldmörg dæmi er um innkeyrslur eins og þessar í miðborginni, ekki er mælt með því að fjölga þeim enda ekki gott fordæmi.

Bent er á að íbúar með lögheimili í húsinu geta sótt um íbúakort til að leggja á svæðinu.

Niðurstaða

Neikvætt samanber umsögn hér að ofan.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Valný Aðalsteinsdóttir, arkitekt og verkefnastjóri